

Tilmæli IB 2/2025
Tillaga A 2025/PRE
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð samþykkti hinn 30. nóvember 2025 eftirfarandi ákvörðun um innri málefni að tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð ákveður

að breyta 22. og 65. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs svo að þær hljóði svo:
22. gr. Nefndarskipan
„Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 16 öðrum þingmönnum. Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Álandseyjar og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.“

65. gr. Útnefningar

„Flokkahópar og fulltrúar sem standa utan flokkahópa fá frest, sem kjörnefnd ákveður, til að útnefna frambjóðendur til kosninga sem fram fara á þingfundi.“

Landsdeildirnar tilnefna forseta og varaforseta Norðurlandaráðs sem og fulltrúa Færeyja, Grænlands og Álandseyja í forsætisnefnd auk fulltrúa í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og stjórn Norræna menningarsjóðsins. Við útnefningarnar ber að leitast eftir jafnvægi milli landa og kynja og enn fremur, sé þess kostur, nefndarsetu á þjóðþingum.“

að fella brott 23. gr. starfsreglna Norðurlandaráð í ljósi þessa.

að láta breytingarnar hér að framan taka gildi 1. janúar 2026 og sæta endurskoðun eftir tvö ár.

Stokkhólmi, 30. október 2025

Heléne Björklund,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs